



Ég á nafn



Ég á hús



Ég fæ endalaus knús



Ég á bros
Ég á grátur
Ég á dillandi hlátur



Ég á dót,
Ég á bíl



Ef ég er veik
þá fæ ég stíl



Ég á vin



og systkin



og öll ykkur hin.




En það besta sem ég á
er rödd til að tjá mig
viltu hlusta á mig ?



Ég er klár



Ég á tár,
ef ég dett og fæ sár



Ég vil læra
Ég vil reikna
Ég vil töfraheim teikna



Ég þarf frið,
ég þarf ró



Fjölskyldan mín
hún er nóg.

32-38.

Ég þarf ást
Ég þarf hlýju
ekki mikið af dóti nýju